

Bryndís Zoëga

Fornleifaskráning vegna lagningar ljósleiðara á Langholti 2016



Byggðasafn Skagfirðinga
Rannsóknaskýrslur
2016/168

Forsíðumynd: Túngarðurinn í Geldingaholti (1827-53)



© Bryndís Zoëga
Byggðasafn Skagfirðinga, Sauðárkróki
2016/168

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Tilgangur fornleifaskráningar	2
Aðferðarfræði.....	4
Fornleifaskráning.....	5
Samantekt	30
Heimildaskrá.....	36

Inngangur

Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga tók að sér skráningu fornleifa vegna lagningu ljósleiðara frá Varmahlíð að Marbæli og Sæmundarhlíð að beiðni Skagafjarðaveita. Fornleifaskráning hafði þegar farið fram á þessum jörðum, í áföngum frá 2004-2014 og því er einungis um að ræða úrvinnslu á eldri gögnum sem birtast í þessari skýrslu. Frá Varmahlíð að Grófargili og í Sæmundarhlíð er lagt í eldri rör og það svæði því ekki tekið með í skýrslunni. Um uppfærslu gagna og skýrslugerð sá Bryndís Zoëga, landfræðingur.

Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga.

Um tilgang Menningarminjalaga segir í 1. g. laga nr. 80 frá 29. júní 2012:

„Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lög þessi ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu. Lög þessi eiga að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi, auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af menningarminjum og greiða fyrir rannsóknum á þeim.”

3. gr.

Fornminjar.

Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar. [...]

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bolum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

6. gr.

Rannsóknir á fornleifum.

Með fornleifarannsókn er átt við vísindalegt starf sem unnið er til að stuðla að aukinni þekkingu á fornleifum, sem þegar er vitað um eða líklegt er að finnast muni, eða til að ganga úr skugga um hvort um þess háttar fornleifar sé að ræða á tilgreindu rannsóknarsvæði. Fornleifarannsókn felst meðal annars í vettvangsskráningu fornleifa, rannsókn og könnun fornleifa án jarðrasks og hvers kyns jarðraski sem fram fer í þeim tilgangi að afla aukinnar þekkingar á fornleifum. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.¹

Enn fremur um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda í 16. gr.:

„Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarkskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig og er heimilt að gera samkomulag við skipulagsyfirvöld um framvindu skráningarstarfsins enda sé tryggt að því verði lokið innan hæfilegs tíma.

Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum. Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum. Skylt er að heimila þá för um landareign sem nauðsynleg getur talist við framkvæmd skráningar sem gerð er fyrir opinbera aðila. Ber að sýna landeiganda tillitssemi og valda ekki raski eða ónæði að þarflausu.² “

Að lokum er rétt er að vekja sérstaka athygli á ákvæðum laganna um áður ókunnar minjar, en í annarri málsgrein 24. gr. segir:

„Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum.

¹ Heimasíða Alþingis. <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>. Skoðuð þann 21.10.2016.

Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á að sjálfsgöðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsétt.

Aðferðarfræði

Fornleifaskráning hefst á því að farið er í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

Í þessu tilviki afmarkaðist skráningarsvæðið af fyrirhugaðri lagnaleið vegna lagningu ljósleiðara Langholti eða frá Varmahlíð að Marbæli og Sæmundarhlíð. Í Sæmundarhlíð er notast við lagnir sem fyrir eru og því þurfti ekki vettvangsskráningu þar. Búið var að skrá jarðir á Langholti í nokkrum áföngum frá árinu 2003-2014. Þær skráningar liggja til grundvallar þessari skýrslu en þar eru teknar saman allar minjar innan 50m frá miðlínu lagnar.

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra, auk sameiginlegs verkefnanúmers sem Minjastofnun Íslands úthlutar og hlaupandi númer, t.d. fær stekkjartóft í landi Elivoga (Ytra-Skörðugils 2) raðnúmerið 33 og framan við það er sett verkefnisnúmer (auðkennt Ytra-Skörðugil 2 - 1827-74). Það númer er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. hífýli manna, sjóhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðrækt eða landrofi. Hættumat kann að breytast síðar vegna aukinnar eða minnkaðrar hættu. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Hættumat í þessu tilfelli miðast fyrst og fremst við mögulega hættu af völdum fyrirbyggjandi framkvæmda við lagningu ljósleiðara og var það metið hverju sinni hvort minjar væru líklega til að vera í hættu eða ekki bæði út frá fjarlægð frá fyrirhugaðri lagnaleið og ekki síður staðháttum á hverjum stað.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með GPS tæki sem gefur nákvæmni undir 3m í skekkju. Minjar sem ekki sjást á yfirborði en traustar heimildir eru fyrir hvar hafi staðið, s.s. minjar sem heimildamenn töldu sig geta staðsett með öryggi, voru sömuleiðis hnitsettar en þar má gera ráð fyrir allt að 50m skekkju.

Yfirlitsmyndir af stærri minjasvæðum er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaður aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minjanna gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93).

Fornleifaskráning

Marbæli 1827-1 (2005: 146058 115-15)

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Heimild

Hættumat: *Engin hætta*

Staðhættir

Samkvæmt heimildamanni stóð hesthús um 50m austan og aðeins norðan við íbúðarhúsið og um 50m sunnan við austurenda fjóssins. Þarna gæti átt við nr. 12. og 13 [bein tilvitnun í skýrslu frá 2005 á ekki við hér].

Lýsing

Húsið var úr torfi og var rífið 1973 eða 1974.

Marbæli 1827-2 (2005: 146058 115-3)

Hlutverk: Leið

Tegund: Slóði

Hættumat: *Mikil hætta*. Fyrirhuguð lagnaleið liggur yfir bláendann á vegslóðinni. Það mætti forða slóðanum frá raski með að færa lagnaleið örlítið til vesturs.

Staðhættir

Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar segir: „Forn þjóðvegur mun hafa legið um garða á Marbæli. Samkvæmt amtsákvörðum 30. des. 1862 og 1. apríl 1864 var til þjóðvega talin leið; frá Völlum út með Vötnum um Geldingaholtseyrar upp yfir Húseyjarkvísl á Djúpavaði, um Marbæli og hjá Reynistað til Sauðárkróks.“ (ÖRI, 7).

Lýsing

Gamall vegur liggur suðvestur af gamla bæjarhólnum, vestan bæjarlækjar. Hann liggur frá norðvestri til suðausturs og er greinilegur á um 100m kafla.

Jaðar 1827-3 (2004: 146049-114-22- 12)

Hlutverk: Vegur

Tegund: Vegur

Hættumat: *Engin hætta*

Staðhættir

Samkvæmt Páli Jónssyni fyrrum ábúanda á Jaðri lá Kirkjuvegurinn frá Marbæli til Glaumbæjar ofan við núverandi íbúðarhús og neðan við Gvendarbrunninn á Glaumbæ.

Nánari lýsing

Punktur var tekinn 65-70 metra vestan íbúðarhússins. Þar er nú allt sléttað.

Jaðar 1827-4 (2004: 146049-114-22-1)

Hlutverk: Bústaður

Tegund: Heimild

Hættumat: *Engin hætta*

Staðhættir

Samkvæmt túnakorti er bæjarstæðið fyrir miðju túni. „Gamli torfbærinn var rétt neðan við íbúðarhúsið sem nú er“ (Byggðasaga Skagafjarðar II, 259). „Teikning Edwin Sacher af bænum á Jaðri 1936, framhlið og grunnmynd. Dyr snúa móti austri. Suður er til vinstri á mynd. Sunnan bæjardyra, til vinstri, er kofi, þá óþiljað búr og baðstofa vestast, þiljuð að mestu með reisifjöl og timburgólfi. Hægra megin ganga, móti búrinu, er eldhúsið. Langhúsið fyrir miðju er skráð geymsla en fjósið lengst til hægri. Bak við fjósið er heytóft“ (Byggðasaga Skagafjarðar II, 260. Myndatexti). Í örnefnaskrá stendur: „Gamli bærinn í Jaðri stóð rétt austan við þann stað sem íbúðarhúsið stendur á (1998). Hann er horfinn.“ (Örnefnaskrá Jaðars, 1).

Nánari lýsing

Búið er að rífa bæinn og gera tún þar sem hann stóð áður. Punktur var tekinn 20 metra austan íbúðarhússins eftir ábendingu frá Erlu Valgarðsdóttur ábúanda, þar er örlítil dæld í jörðina og grasið heldur gulleitara en í kring. Þar kom upp mikið grjót og drasl fyrir um tveimur [2002] árum þegar var verið að slétta túnið upp á nýtt.

Jaðar 1827-5 (2004: 146049-114-22-2)

Hlutverk: Fjós, Fjárhús

Tegund: Heimild

Hættumat: *Engin hætt*

Staðhættir

Samkvæmt túnakorti var peningshús við norðausturhorn bæjarins.

Nánari lýsing

Útihús var við norðausturhorn bæjarins. Punktur var tekinn 25 metra austan íbúðarhússins og 5 metra sunnan rotþróar sem þar er.

Jaðar 1827-6 (2004: 146049-114-22-3)

Hlutverk: Vegur

Tegund: Heimild

Hættumat: *Engin hætt*

Staðhættir

Samkvæmt túnakorti lá vegur til norðurs frá bænum. Í örnefnaskrá stendur: „Gata lá til norðurs frá bænum og út með brekkum og ofan við Hjartartún, sem er sunnan við Bæjarlækinn á Marbæli. Gatan sést ennþá norðan við landamerkin og þar var hlið á girðingunni.“ (Örnefnaskrá Jaðars, 1).

Nánari lýsing

Punktur var tekinn um 20 metra frá norðaustur horni gamla íbúðarhússins og 50 metra frá nýja íbúðarhúsinu, þar er nú slétt tún.

Jaðar 1827-7 (2004: 146049-114-22-4)**Hlutverk:** Brunnur**Tegund:** Brunnur**Hættumat:** *Engin hætta***Staðhættir**

Samkvæmt túnakorti var brunnur austan megin við bæinn. Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Vatnsból var í brunni 20 metra framundan gamla bænum.“ (Byggðasaga Skagafjarðar II, 259).

Nánari lýsing

Ekkert sést til gamla brunnsins en punktur var tekinn 40 metra austur af íbúðarhúsinu og örlítið til norðurs.

Jaðar 1827-8 (2004: 146049-114-22-7)**Hlutverk:** Hesthús**Tegund:** Heimild**Hættumat:** *Engin hætta***Staðhættir**

Samkvæmt túnakorti var peningshús vestanmegin við heimreiðina utan túns.

Nánari lýsing

Þegar skráning fór fram 9. október var nýlega búið að slétta þarna út hesthústóft. Punktur var tekinn samkvæmt ábendingu frá Páli Jónssyni fyrrum ábúanda, 50 metra norður af núverandi íbúðarhúsi.

Glaumbær 1827-9 (2014: Glaumbær-13)**Sérheiti:** Gunnukofi/Rósukofi**Hlutverk:** Híbyli, fjárhús**Tegund:** Heimild

Hættumat: *Hætta*. Þarna geta verið minjar í jörðu en lögnin kemur að húsinu á svipuðum/sama stað og eldri koparlögn auk þess sem minjarnar hafa líklega orðið fyrir raski þegar húsið var byggt.

Staðhættir

Á túnakorti frá 1917 eru peningshús í norðausturhorni túnsins. Glaumbær-13 og Glaumbær 15 eru líklega sömu byggingar með nýjum nöfnum.

Lýsing

Þegar hnitsett túnakort er lagt yfir loftmynd lendir húsið á svipuðum slóðum og eldri prestbústaðurinn er í dag. Mögulega er um að ræða kofa sem nefndur er Gunnukofi í úttekt 1894 (Sigríður Sigurðardóttir 2011, 80).

Aðrar upplýsingar

Úr Glaumbæ. Kirkja og staður: „Á 3. áratug 20. aldar bjó þar húskona sem Rósa hét og var kofinn þá kallaður Rósukofi. Gunnlaugur Jónasson (f. 1917) í Hátúni mundi vel eftir Rósu sem var gestrisin og góð manneskja. Hún „betrekkti“ kytruna sína með dagblöðum til

einangrunar. Kofinn stóð fram um miðja 20. öld og var síðast notaður sem hrútakofi.“ (Sigríður Sigurðardóttir 2003, 80)

Glaumbær 1827-10 (2014: Glaumbær-14)

Sérheiti: Bjarnabúð/Finnsbúð

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Hættumat: *Hætta*. Þarna geta verið minjar í jörðu en lögnin kemur að húsinu á svipuðum/sama stað og eldri koparlögn auk þess sem minjarnar hafa líklega orðið fyrir raski þegar húsið var byggt.

Staðhættir

Þar sem eldri prestsbústaðurinn stendur var áður húsmannsbýli eða þurrabúð, nú horfið.

Aðrar upplýsingar

Í smáritinu Sögur úr Glaumbæ segir: „Í góðæri skömmu fyrir 1858 var byggt upp húsmannsbýli eða þurrabúð í landi Glaumbæjar og kölluð *Bjarnabúð*. Þegar Finnur Finnsson og Sigurrós Vigfúsdóttir, sem komu frá Laugarbrekku hjá Reykjarhóli (Varmahlíð), settust þar að árið 1858 breytti búðin um nafn. Eftir það var hún alltaf nefnd *Finnsbúð*. Síðasta hjúskaparár þeirra, 1864-1865, voru hjá þeim hjónin Eyjólfur Ólafsson og Sigurbjörg Kristjánsdóttir. Þau komu frá Borgarseli en höfðu áður einnig búið í Laugarbrekku.“ (Sigríður Sigurðardóttir 2011, 29).

Glaumbær 1827-11 (2014: Glaumbær-15)

Sérheiti: Nýibær/Gunnukofi

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Hættumat: *Hætta*. Þarna geta verið minjar í jörðu en lögnin kemur að húsinu á svipuðum/sama stað og eldri koparlögn auk þess sem minjarnar hafa líklega orðið fyrir raski þegar húsið var byggt.

Staðhættir

Þar sem eldri prestsbústaðurinn stendur var áður húsmannsbýli eða þurrabúð, nú horfið. Glaumbær-13 og Glaumbær 15 eru líklega sömu byggingar með nýjum nöfnum.

Aðrar upplýsingar

Í smáritinu Sögur úr Glaumbæ segir: „Árið 1897 var talað um *Gunnukofa* í Glaumbæ og fjórum árum seinna um húsmannsbýlið *Nýjabæ*. Álitid er að hann hafi verið byggður upp þar sem Finnsbúð var áður. Nýibær stóð þar sem eldra prestshúsið frá 1944 stendur. Nýibær var í ábúð 1898-1904 Á sama stað var lítið kot á 3. áratung 20. aldar. Þar bjó húskona sem Rósa hét og var kofinn þá kallaður *Rósukofi*.“ (Sigríður Sigurðardóttir 2011, 30).

Glaumbær 1827-12 (2014: Glaumbær-17)

Hlutverk: Heimreið

Tegund: Heimild

Hættumat: *Hætta*. Þarna geta verið minjar í jörðu en lögnin kemur að húsinu á svipuðum/sama stað og eldri koparlögn auk þess sem minjarnar hafa líklega orðið fyrir raski þegar húsið var byggt.

Staðhættir

Á túnakorti má sjá heimreiðina liggja bæði til norður og suður frá bæjarhlaðinu.

Lýsing

Ekkert sést eftir af heimreiðinni en hún lá vestan gamla kirkjugarðsins þar sem viðbótin við garðinn er nú. Til suðurs er landslag töluvert breytt þar sem nú er malargöngustígur upp á hlað að gamla bænum, frá Áshúsi og Gilsstofu.

Glaumbær 1827-13 (2014: Glaumbær-1)

Sérheiti: Glaumbær

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Hóll

Hættumat: *Hætta*. Lögnin liggur í jaðri bæjarhólsins að sunnan og þar geta leynst minjar í jörðu. Lagnaleið lá ekki 100% fyrir þegar að skýrslan var gerð en samkvæmt upplýsingum frá Skagafjarðaveitum verður lögnin á sama/svipuðum stað og eldri koparlögn.

Staðhættir

Gamli torfbærinn í Glaumbæ er í eigu Húsasafns Þjóðminjasafns Íslands. Hann stendur á bæjarhól sem er nokkuð mikill um sig. Bærinn er á safnsvæði Byggðasafn Skagfirðinga, sem hefur haft bæinn til afnota frá 1952. Bæjarhóllinn er gróinn og allhár, um 80x80m að þvermáli. Austan eða framan við bæinn er hlaðið og frá því hallar bæjarhóllinn til austurs í átt að túnnum sem tilheyra Glaumbæ 1. Á hlaðinu stóð kirkja á milli 1870 og 1923 og norðan við hana var kirkjugarðurinn. Sunnan og suðvestan við bæinn hallar af bæjarhólnum en að norðan er slétt þar sem kirkja stendur í dag og kirkjugarðurinn og bílastæði kirkjunnar. Suðvestan við gamla bæinn er öskuhaugurinn.

Glaumbær 1827-14 (2014: Glaumbær-2)

Sérheiti: Glaumbær

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Gangnabær

Hættumat: *Engin hætt*

Staðhættir

Gamli torfbærinn í Glaumbæ trónir efst á bæjarhólnum. Hann er í Húsasafni Þjóðminjasafns Íslands. Norðan bæjar er Glaumbæjarkirkja og kirkjugarður en heimatún bæjarins (safnsvæðið) er afgirt með torfhlöðnum túngarði, sem er nútíma viðbót. Suðaustan við bæjarhólinn standa Áshús og Gilsstofa, sem eru aðflutt hús (1991 og 1997) og tilheyra Byggðasafninu.

Lýsing

Húsin í bæjarþyrpingunni eru þrettán að tölu, sex þeirra snúa göflum fram á hlað, mót austri, en hin sjö, sem eru þar vestan við, snúa þvert á hin fremri, norður/suður. Nánari lýsing er hér að neðan.

Aðrar upplýsingar

Lýsingin er tekin úr smáriti Byggðasafns Skagfirðinga nr. VIII, Glaumbær. Kirkja og staður: Bæjarhúsin eru eins og áður sagði 13 að tölu. Baðstofan liggur vestast og frá henni göng fram að bæjardyrum. Norðan við göngin, talið frá baðstofu eru: Gusa, norðurbúr og eldhús. Sunnan gangna eru suðurdyr, langabúr og litlabúr/mjólkurbúr. Framhúsin frá norðri eru eldiviðar-skemma, Bláastofa, Suðurstofa, tvær skemmur og syðst er smiðjan. „Glaumbær er dæmigerður burstabær. Öll húsin eru með torfhlöðnum veggjum, nema framhúsin sem snúa einföldu timburpili fram á hlað.“ (Sigríður Sigurðardóttir 2011, 74-75).

Glaumbær 1827-15 (2014: Glaumbær-3)

Hlutverk: Kirkja

Tegund: Heimild

Hættumat: *Engin hætta*

Staðhættir

Á hlaðinu framundan eldiviðarkofanum, sem er nyrsta hús torfbæjarins, stóð timburkirkja á árunum 1870-1923. Hún fauk 1923. Kirkjan sem stendur í dag, norðan við bæinn, var vestast í kirkjugarðinum (Sigríður Sigurðardóttir 2003, 20).

Glaumbær 1827-16 (2014: Glaumbær-5)

Hlutverk: Öskuhaugur

Tegund: Hóll

Hættumat: *Engin hætta*

Staðhættir

Grasi gróinn öskuhaugur stendur á bæjarhólnum vestan við torfbæinn.

Lýsing

Hóllinn er um 15x20m að utanmáli og yfir 2m á hæð, hæstur til suðurs.

Aðrar upplýsingar

Könnunarskurður var tekinn í öskuhauginn sem leiddi í ljós að hann var tekinn í notkun eftir árið 1104 (Douglas Bolender 2011). Í fornleifaskráningaskýrslu um Glaumbæ frá 2003 segir: „Gengið var með ösku úr eldhúsinu í gegn um göngin og um Suðurdyr eða Brandahús eins og það var líka kallað og dró nafn sitt af eldibröndum þeim sem gengið var með inn og út um þessar dyr. Þetta voru bakdyrnar.“ (Sigríður Sigurðardóttir 2003, 23).

Glaumbær 1827-17 (2014: Glaumbær-6)

Hlutverk: Stagsteinn

Tegund: Steinn

Hættumat: *Engin hætta*

Staðhættir

Á hlaðinu framan við Glaumbæ er steinn og á honum brotin járnlykkja. Kirkjan var timburhús og var stöguð niður og er steinninn á hlaðinu nyrðri stagsteinninn.

Lýsing

Steinninn liggur í jörðu og sést aðeins í topp hans en hann er samt vel greinilegur á hlaðinu framan við bæinn.

Glaumbær 1827-18 (2014: Glaumbær-7)

Hlutverk: Hesthús, fjós


Tegund: Heimild

Hættumat: *Hætta*. Þarna geta verið minjar í jörðu en lögnin kemur að Áshúsi á svipuðum/sama stað og eldri koparlögn auk þess sem minjarnar hafa líklega orðið fyrir raski þegar húsið var byggt.

Fjánhús voru suðaustur af bænum, þau eru á túnakorti frá 1917.

Lýsing

Þarna stóðu fjánhús úr timbri og bárujárn til ársins 1990 en þá var þeim ýtt í hólninn vestan við Áshúsið. Áður voru þarna hesthús og fjós, byggð úr torfi og grjóti og stóðu aðeins utan við Áshúsið, undir hólnum. Punktur var tekinn af hnitsettu túnakorti sem lagt er yfir loftmynd og má gera ráð fyrir allt að 15m skekkju.



Mynd 1. Teikning Edwin Sacher af fjósi og hesthúsi í Glaumbæ 1936.

Hátún 1827-19 (2003: 146039 112 – 1)

Sérheiti: Hátún

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Bæjarstæði

Hættumat: *Mikil hættu*. Íbúðarhúsið stendur á gamla bæjarstæðinu og búast má við minjum í jörðu. Þær hafa þó að líkindum þegar orðið fyrir raski vegna byggingu íbúðarhússins og annarra lagna. Fyrirhuguð lögn fer á svipuðum/sama stað og koparlögnin og ekki fyrirséð að önnur betri leið sé að húsinu.

Staðhættir

Bæjarstæði gamla Hátúnsbæjarins er undir og norðan við núverandi íbúðarhús í Hátúni I. Sjá nr. 1 loftmyndir bls. 9 og 11. [Vísað er í fornleifaskráningarskýrslu frá 2003].

Hátún 1827-20 (2003: 146039 112 – 2)**Hlutverk:** Fjós**Tegund:** Heimild

Hættumat: *Hætta*. Fjósið var norðvestan við gamla bæinn og búast má við minjum í jörðu á nokkuð umfangsmiklu svæði. Þær hafa þó að líkindum þegar orðið fyrir raski vegna byggingu íbúðarhússins og annarra lagna. Fyrirhuguð lögn fer á svipuðum/sama stað og koparlögnin og ekki fyrirséð að önnur betri leið sé að húsinu.

Staðhættir

Fjósið var norðvestan við bæjarhúsin. 1 loftmyndir bls. 9 og 11. [Vísað er í fornleifaskráningarskýrslu frá 2003].

Hátún 1827-21 (2003: 146039 112 – 3)**Sérheiti:** Lambahús**Hlutverk:** Fjárhús**Tegund:** Heimild**Hættumat:** *Engin hætt***Staðhættir**

Á túnakortinu frá 1917 eru fjárhús um 40 metra sunnan bæjar. Það stóð sunnan við lækinn. Í húsinu voru tvær krær og garði á milli. Dyr snéru í austur. Húsið tók 25-30 kindur. 1 loftmyndir bls. 9 og 11. [Vísað er í fornleifaskráningarskýrslu frá 2003].

Halldórsstaðir 1827-22 (2004: 146037-109-22- 8)**Sérheiti:** Efstuhús**Hlutverk:** Hesthús, rétt**Tegund:** Heimild**Hættumat:** *Engin hætt***Staðhættir**

Samkvæmt túnakorti var útihús norðan vegar rétt við girðingu. Í örnefnaskrá stendur: „Norðan heimreiðar, upp að Braut og niður að hinum gamla túngarði, heitir hesthússlétta. Hún dregur nafn af hesthúsi, sem stóð ofarlega á þessu svæði áður en sléttað var.“ (Örnefnaskrá Halldórsstaða, 4).

Nánari lýsing

Hvorki sér til hesthúss né stóðréttar. Punktur var tekinn um 10 metrum austan Sauðárkróksbrautar og einn metra austan girðingar, þar er dæld í annars sléttu túninu, sem gæti bent til þess að þar hafi útihús verið. Ummálið er um 2x5 metrar.

Halldórsstaðir 1827-23 (2004: 146037-109-22- 22)**Sérheiti:** Miðhús**Hlutverk:** Hesthús**Tegund:** Heimild**Hættumat:** *Engin hætt*

Staðhættir

Hesthús. Í örnefnaskrá stendur: „Norðan heimreiðar, upp að Braut og niður að hinum gamla túngarði, heitir hesthússlétta. Hún dregur nafn af hesthúsi, sem stóð ofarlega á þessu svæði áður en sléttað var. Annað hesthús var beint neðan hennar, rétt innan við túngarðinn, efst og nyrst í svonefndu Suðurtúni“ (Örnefnaskrá Halldórsstaða, 4).

Nánari lýsing

Hesthús þessi voru kölluð Miðhús en ekkert sést til þeirra nú. Punktur var tekinn í sléttu túni 24 metra vestan fjárhússins, 20 metra suður af girðingu og um 45-50 metra norðvestur frá íbúðarhúsinu.

Halldórsstaðir 1827-24 (2004: 146037-109-22- 6)

Hlutverk: Reykhús, Skemma, Smiðja

Tegund: Heimild

Hættumat: *Engin hætta*

Staðhættir

Samkvæmt túnakorti var peningshús sunnan vegar í vesturhluta túnsins. Gæti verið skemman, reykhusið og smiðjan. Í bók Hjalta Pálssonar stendur: „Sunnan og vestan við bæinn var skemman, reykhusið og smiðjan sambyggt með þrem burstum.“ (Byggðasaga Skagafjarðar II, 284).

Nánari lýsing

Engin merki eru nú um þessar byggingar en punktur var tekinn 2 metra frá suðausturhorni garðsins sem er framan við íbúðarhús á Halldórsstöðum um 0,5 metra sunnan við veginn sem liggur niður fyrir fjósið.

Halldórsstaðir 1827-25 (2004: 146037-109-22- 15)

Sérheiti: Skessuhóll

Hlutverk: Kvíar, Leikvöllur

Tegund: Heimild

Hættumat: *Engin hætta*

Staðhættir

„Kvíar voru skammt suður af nýja íbúðarhúsinu á litlum hól, oft kallaður Skessuhóll, vinsæll leikstaður barna“ (Byggðasaga Skagafjarðar II, 285). Í örnefnaskrá stendur: „Rétt suður og upp af íbúðarhúsinu nýja var svolítill grænn hóll með tóftarbroti, nefndur Kvíar. Hætt var að færa frá á Halldórsstöðum fyrir minni Halldórs“ (Örnefnaskrá Halldórsstaða, 7).

Í örnefnaskrá stendur: „Rétt sunnan þess og aðeins neðar er lítill hóll, nefndur Skessuhóll. á honum stóðu hesthús í æsku Halldórs og í því var oft höfð grá hryssa, tamin, mikið uppáhald. Hún hét Skessa. Halldór skírði hólinn eftir henni.“ (Örnefnaskrá Halldórsstaða, 5).

Nánari lýsing

Um 40 metra suðsuðvestur af íbúðarhúsinu er lágur hóll í sléttu túni. Engar tóftir eru sjáanlegar en Bjarni Bragason bóndi á Halldórsstöðum man eftir töluverðu af grjóti sem kom þar upp þegar hann var að slétta túnið.

Halldórsstaðir 1827-26 (2004: 146037-109-22- 16)

Sérheiti: Stekkjarholt

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Hættumat: *Hætta*. Minjarnar eru innan við 10m frá fyrirhugaðri lagnaleið.

Staðhættir

„Vestan þjóðvegur er nokkur túnræktun en skammt þar fyrir vestan er Stekkjarholtið sem rís upp úr svonefndum Flóum, heldur norðar en um miðju landsins. Austan í hólnum er allstór stekkjartóft en óljós orðin“

(Byggðasaga Skagafjarðar II, 285). Í örnefnaskrá stendur: “Ofan þessarar holtaspildu heita Flóar nær því á milli merkja, nema hvað þeir eru klofnir sundur af svonefndu Stekkjarholti, sem er heldur norðar en um miðju. á því var Stekkurinn.“ (Örnefnaskrá Halldórsstaða, 6).

Nánari lýsing

Um 150 metra vestur af Halldórsstöðum II (hjólhýsi) er hóll um 26x40 metrar að ummáli.

Lýsing

Efst á hólnum er tvískipt grjóttóft. Hún er austast á hólnum í næstum hringlaga skál sem er 7x9 metrar að innanmáli. Tóftin er opin til suðausturs, mót Geldingaholti. Grjóthleðslur eru hvað sýnilegastar austast og vestast í tóftinni. Hæð veggja er um 40 sentimetrar. Ummál tóftar er um 3x4 metrar og er lambakróin til austurs.



Leifar stekkjartóftar á Stekkjarholti

Ytra-Skörðugil 2 1827-27 (2004: 146045 108 – 14)

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Hættumat: *Engin hætt*a

Staðhættir

Samkvæmt samtali við Elínu Sæmundardóttur íbúa á Ytra-Skörðugili II stóð útihús suður af þar sem Ytra-Skörðugil II er nú, þegar faðir hennar keypti jörðina 1971.

Nánari lýsing

Punktur var tekinn um 150 metrum suður af íbúðarhúsi á Ytra-Skörðugili II, 50 metra ofan Skagafjarðarbrautar og 30 metra norðan vegar til Ytra-Skörðugili III. Þar er nú allt sléttað en punktur var tekinn í lítilli gróðurlausri dæld.

Ytra-Skörðugil 1827-28 (2004: 146045 108 – 10)

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Hættumat: *Engin hætta*

Staðhættir

Á túnakorti er peningshús rúmlega 20 metra vestan við bæinn, það er rétt utan túns.


Nánari lýsing

Um 20 metra norðvestur af veggjarbrotinu eru leifar tófta af þrískiptum útihúsum.

Lýsing

Tóftin er um 50 metra norður af núverandi íbúðarhúsi og 50 metra suður af hlöðu og fjósi. Lag tóftar er vel glöggt en hún næstum alveg horfin, eftir standa einungis mjög lágir veggir. Utanmál er um 12x7 metrar. Tóftin er vel gróin en sér í grjót á tveimur stöðum. Engir veggir eru greinilegir til austurs og hafa dyr líklega verið í þá átt.

← Z



Fjárhústóft í túni Ytra-Skörðugils

Ytra-Skörðugil 1827-64 (2004: 146045 108 – 13)

Hlutverk: Heimreið

Tegund: Heimild

Hættumat: *Engin hætta*

Staðhættir

Á túnakorti liggur heimkeyrslan í vestur frá bæjarhúsinu sunnanverðu.

Lýsing

Heimreiðin hefur líklega verið á svipuðum stað og hún er nú. Punktur var tekinn á heimreiðinni um 10 metra norður íbúðarhúsinu.

Ytra-Skörðugil 1827-29 (2004: 146045 108 – 5)

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Heimild

Hættumat: *Engin hætta*

Staðhættir

„Brunnur með sæmilegu vatni var neðan við bæinn og þurfti að bera upp úr honum en síðar var sett í hann dæla og eftir það hægt að dæla heiman úr gamla bæ.“ (Byggðasaga Skagafjarðar II, 289). Á túnakorti má sjá skemmu- og brunnhús um 16 metra austan við bæinn.

Nánari lýsing

Engin merki sjást um brunninn í dag en punktur var tekinn um 16 metra austur af gamla bæjarhúsinu og um 40 metra norðaustur af núverandi íbúðarhúsi.

Ytra-Skörðugil 1827-30 (2004: 146045 108 – 12)

Hlutverk: Skemma, Brunnur

Tegund: Heimild

Hættumat: *Engin hætta*

Staðhættir

Á túnakorti má sjá skemmu- og brunnhús rúmlega 40 metra suðaustan frá bænum.

Lýsing

Engin merki um brunn en punktur tekinn um 40 metra suðaustur af gamla bænum. Þar er lítill lækjarfarvegur nú að mestu þurr og hefur hugsanlega verið tekið vatn þaðan.

Ytra-Skörðugil 1827-31 (2004: 146045 108 – 1)

Hlutverk: Bæjarhóll

Tegund: Vegghleðsla

Hættumat: *Engin hætta*

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Gamli bærinn stóð eilítið norðar og austar en núverandi íbúðarhús“ (Byggðasaga Skagafjarðar II, 289). Á túnakorti er bærinn vestan megin í túninu örlítið sunnan við miðju þess.

Nánari lýsing

Bærinn hefur staðið fremst á brún holtsins en austan við er aflíðandi brekka niður að sléttlendi.

Lýsing

Punktur var tekinn 20 metra norðaustur af núverandi íbúðarhúsi. Þar er nú búið að slétta allt en Elín man eftir steiptum grunni þar sem þau notuðu til að brenna rusl þegar þau flutt að Ytra-Skörðugili. Um 6 metra þar norður af sér móta fyrir vegg sem gæti hafa verið útveggur bæjarins, hann er um 1,2 metrar á breidd.

Ytra-Skörðugil 2 1827-32 (2004: 146024 82 – 30)

Hlutverk: Kuml

Tegund: Kuml

Hættumat: *Engin hætta*

Staðhættir

„Kuml við Ketilhóla (65°35'195/19°32'995). Ketilhólar eru áður nefndir við ána sunnan til í Elivogalandi. Nafnið er jafnan haft í fleirtölu þótt hóllinn sé raunverulega einn en í hann eru djúpir katlar. Fast sunnan við Ketilhóla er annar stakur hóll, miklu minni og hefur ekki sérnafn, eða tilheyrir þó eðlilega Ketilhólum. Árið 1954 fann Jón Gíslason refaskytta uppblásið kuml norðan í litla hólum.“ (Byggðasaga Skagafjarðar II, 491).

Nánari lýsing

Sunnan Ketilhóla, gegnt Dæli, um 200 metra austan Sæmundarár er annar minni hóll. Norðanvert í honum er rofið svæði um 10x10 metrar að ummáli.


Lýsing

Punktur var tekinn í miðju rofsvæðinu, 18 metra suður af stekkjartóftum sem liggja milli Ketilhóla og minni hólans.

Fornleifarannsókn

Í ágúst 1956 gerði Kristján Eldjárn, þáverandi þjóðminjavörður rannsókn á kumlinu. Þar gróf hann upp kuml manns og hests. Gröfin snéri vnv-asa. Hún var um 4 metrar á lengd en um einn metri á breidd. Maðurinn hefur legið í vestari enda grafarinnar en einungis fannst í gröfinni beinahrafl auk nokkurra járnbrota. Í hestsgrofinni voru einungis leifar annars framfótar. Greinilegt var að hróflað hefur verið við gröfinni til forna (Kristján Eldjárn, 132-3).

Ytra-Skörðugil 2 1827-33 (2004: 146024 82 – 29)



Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Hættumat: *Engin hætt*

Staðhættir

„Þriðji stekkurinn og væntanlega frá síðasta skeiði byggðar í Elivogum er í Ketilhólum í lægðinni milli stóra og litla hólans, mjög glöggur að veggjum með lambakrónni til hliðar við austurvegg (65°35'210/19°33'000)“ (Byggðasaga Skagafjarðar II, 490).

Nánari lýsing

Sunnan Ketilhóla er annar holl, töluvert minni. Í lægðinni milli hólanna, austan megin er stekkjartóft. Hún liggur um 100 metra í austur frá

Sæmundará, gegnt bænum Dæli.

Lýsing

Tóftin er vel gróin og hvergi sér í grjóti í veggjum en örlítið er af grjóti í gólfi. Tóftin er tvískipt með lambakró til austurs. Ummál stekkjars er 3 x 9 metrar. Breidd veggja er 80 sentimetrar og hæð þeirra um 1 metri. Hún liggur norðnorðaustur/suðsuðvestur. Dyr eru á tóftinni til norðnorðaustur og hugsanlega aðrar mót suðsuðvestri. Ummál lambakróarinnar er 5 x 4 metrar. Mesta breidd veggja er 1,2 metrar og hæð veggja frá 50-100 sentímetrum. Dyr eru á henni til austnorðausturs.

Syðra-Skörðugil 1827-34 (2003: 146065 107-10)

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Hættumat: *Hætta*. Þarna geta verið minjar í jörðu en lögnin kemur að húsinu á svipuðum/sama stað og eldri koparlögn auk þess sem minjarnar hafa líklega orðið fyrir raski þegar húsið var byggt.

Staðhættir

Kofinn stóð á svokölluðum Hjörtshól sem var utarlega í gamla túninu eins og það var. Sjá túnakortið 1917. Þar stendur íbúðarhúsið frá 1974-1975.

Aðrar upplýsingar

Þarna byggði Sigurbergur Ólafsson frá Syðra-Skörðugili sér kofa til íbúðar nokkru fyrir 1930 og bjó fram til 1940. Kofi hans var nefndur Bergskofi. hann bjó síðar í Varmahlíð í kofa sem einnig var við hann kenndur. Árið 1907 var þarna peningshús, sennilega fjárhús. Nafnið á hólnum tengist einnig mannsnafni.

Syðra-Skörðugil 1827-35 (2003: 146065 107-6)

Sérheiti: Sýsluvegur

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Hættumat: *Hætta*. Lagnaleiðin fer yfir leifar Sýsluvegarins en þær eru lagðar á sama/svipuðum stað og eldri koparlögn.

Staðhættir

Vegurinn liggur norður að vaði milli Hyrnu og Kringlu. Hann kom sunnan melinn þar sem nú er miðhús loðdýrahúsanna.

Aðrar upplýsingar

Þetta er vegurinn sem bættist við sýsluvegin árið 1886 frá Sauðárkróki fram að Reykjarhóli. Vegurinn var á sama stað þar til núverandi akvegur var lagður (Kristmundur Bjarnason, 26).

Syðra-Skörðugil 1827-36 (2003: 146065 107-5)

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Hleðsla

Hættumat: *Hætta*. Fjárhúsin eru horfin en minjar gætu enn leynst í jörðu. Fyrirhuguð lagnaleið fer norðan við staðinn þar sem húsin stóðu en hugsanlegt að einhverjar minjar séu þarna í jörðu. Þær hafa þó að líkindum þegar orðið fyrir raski vegna lagningu koparlagnar og annarra framkvæmda.

Staðhættir

Fjárhúsin stóðu vestan við fyrirhugaðan byggingareit á bakkanum sunnan við bæjarlækinn. Þar sunnan við og fyrir vestan kom sýsluvegurinn heim að túngarði og heimreiðin eða afleggjarinn lá af honum sunnan við þessi hús til norðausturs niður í bæjargilið og yfir lækinn á vaði sunnan við gamla bæinn.

Lýsing

Þarna er ekkert að sjá annað en óregluleg tóftarbrot á allstóru svæði.

Aðrar upplýsingar

Braggi frá seinnistríðsárunum var vestan við fjárhúsin. Hann var rifinn árið 2000 en fjárhúsin eitthvað fyrr.

Syðra-Skörðugil 1827-37 (2003: 146065 107-7)

Sérheiti: Slóð

Hlutverk: Heimreið

Tegund: Heimild, vað

Hættumat: *Engin hætt*

Staðhættir

Suður frá gamla bæjarstæðinu lá Slóðin eða heimreiðin niður að læknum, yfir vað og upp brekkuna á móts við fyrirhugaðan byggingareit [átt er við byggingarreit þar sem nú stendur íbúðarhús Einars Einarssonar og Sólborgar Unu Pálsdóttur].

Lýsing

Slóðin er algerlega horfin nema hægt er að sjá hvar vað var á læknum sunnan við bæjarhólinn, sunnan kartöflugarðsins.

Syðra-Skörðugil 1827-38 (2003: 146065 107-3)

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Hættumat: *Engin hætt*.

Staðhættir

Tóftin er nokkrum metrum vestan [samkvæmt deiliskipulagsupphætti af lóðinni voru húsin austan við íbúðarhúsið en ekki vestan við] við húsin nr. 2 sunnan við bæjargilið. Nær byggingarreit [átt er við byggingarreit þar sem nú stendur íbúðarhús Einars Einarssonar og Sólborgar Unu Pálsdóttur] nýja íbúðarhússins.

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóðu þarna peningshús þá.

Syðra-Skörðugil 1827-39 (2003: 146065 107-4)

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Hættumat: *Engin hætt*

Staðhættir

Þetta er lítil laut sunnan við bæjarlækinn austast á Hallabruninni um 11 metra austan við fyrirhugaðan byggingareit [átt er við byggingarreit þar sem nú stendur íbúðarhús Einars Einarssonar og Sólborgar Unu Pálsdóttur]. Laut er í stefnu austur-vestur, um 7x4 metrar að ummáli.

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóðu þarna peningshús þá.

Syðra-Skörðugil 1827-40 (2003: 146065 107-13)

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Hættumat: *Engin hætt*

Staðhættir

Á bakkanum norðan við bæjarlækinn, austan vaðs á Sýsluveginum sjást brot af gömlum túngarði. Þetta er um 2 metra langur bútur, sem hefur sennilega legið norður-suður. Samkvæmt túnakortinu frá 1917 hefur túngarðurinn einmitt legið þarna um og sennilega hefur hann fylgt Sýsluveginum eitthvað norðureftir. Sjá kortið [bein tilvitnun í skýrslu frá 2003 á ekki við hér].

Lýsing

Ógreinileg brot, eins og stór þúfa á lækjarbakkanum.

Syðra-Skörðugil 1827-65

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Mannvistarleifar

Hættumat: *Engin hætt*

Staðhættir

Við frágang íbúðarhúss árið 2005 komu í ljós minjar vestan við aðalinngang hússins. Umfang minjanna er ekki þekkt (Greinargerð með deiliskipulagi, fengin hjá landeigendum). En ólíklegt er að þær nái norður fyrir íbúðarhúsið þar sem að fyrirhuguð lagnaleið liggur.

Geldingaholt 3 1827-41 (2005: 146028 102 - 36)

Sérheiti: Flóabrá

Hlutverk: Vegur

Tegund: Leið

Hættumat: *Mikil hætt*. Fyrirhuguð lagnaleið liggur yfir bláenda vegarins að austan þar sem hann liggur að veginum heim að Geldingaholtsbæjunum.

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Fyrir ofan holtið er svonefndur Flói og Holtstjörn. Tanginn, sem gengur út í tjörnina að sunnan, heitir Langitangi. Mórinn fyrir vestan holtið kippkorn fyrir utan Flóabrána heitir Grænimór” (Örnefnaskrá Geldingaholts (MJ), 4).

Lýsing

Gamli vegurinn að bænum var kallaður Flóabrá. Vegurinn var handhlaðinn. Það sér móta fyrir honum upp undir Torfgarðsholtið. Vestanvert á holtinu liggur vegurinn á sama stað og núverandi vegur en þegar hann beygir til suðurs heldur gamli vegurinn beint áfram yfir holtið þar til hann tekur sveigjur síðustu 500 metrana áður en komið er upp á Sauðárkróksbraut. Vegurinn er í heild rúmlega 1,1 km.

Holtskot 1827-42 (2005: 146041 103-5)

Hlutverk: Heimreið

Tegund: Heimild

Hættumat: *Engin hætt*

Staðhættir

Á túnakorti Guðmundar Sveinssonar frá 1917 liggur heimreiðin til vesturs í átt frá bæjarhúsunum.

Lýsing

Heimreiðin lá heldur sunnar en núverandi heimreið og sveigði til suðurs og lá þar á svipuðum stað og hún gerir í dag.

Holtskot 1827-43 (2005: 1146041 103-7)

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Heimild

Hættumat: *Engin hætta*. Á þessum slóðum var matjurtagarður á 20. öld en hann er nú horfinn og litlar líkur á að minjar leynist í jörðu.

Staðhættir

Á túnakorti frá 1917 er matjurtagarðinn við norðvestur horn túnsins.

Lýsing

Ekki kannaðist heimildamaður við matjurtagarð þennan en sagði hann vel getað hafa verið þar sem íbúðarhúsið er í dag.

Geldingaholt 3 1827-44 (2005: 146028 102-4)

Sérheiti: Hóllinn

Hlutverk: Öskuhaugur

Tegund: Heimild

Hættumat: *Engin hætta*

Staðhættir

Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar segir: „Norðan við Gamla bæinn er afgangur hóll eða hryggur. Hann er að mestu öskuhóll og kallaður Hóllinn. Hann er hár og hliðar hans og endar mjög bratt. Hann var eitt sinn lagfærður á parti, til að hægt væri að draga þvert yfir hann hey – inn í fjóshlóðu. Einnig lagfærður til að betra væri [sic] að slá hann. Hóllinn var fyrrum leikvangur barna. Nýlega var girt í kringum Hóllinn til að forða honum frá skemmdum. Hóllinn er flatur ofan og er þar búið að gróðursetja nokkur tré, 1999.“ (Örnefnaskrá Geldingaholts (RI), 5).

Lýsing

Búið er að slétta öskuhólinn að mestu en enn sér hans merki norðan íbúðarhússins. Punktur var tekinn norðan við gróðurhúsið sem er í garðinum.

Geldingaholt 3 1827-45 (2005: 146028 102-6)

Hlutverk: Smiðja

Tegund: Heimild

Hættumat: *Engin hætta*

Staðhættir

Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar segir: „Hluti af Gamla bænum stendur enþá [sic] (1999). Það sem stendur er baðstofa (sú vestari) og hlóðaelldhús. Bærinn náði lengra austur og

bæjardyr og bustir snéru mót austri. En baðstofurnar tvær voru syðst og snéru norður – suður. Torfbær með þil að framan. Norðan við bæinn var smiðja (smiðjukofi) og þar norðan við, með sundi á milli, var fjós og fjóshlaða, - áður var þar hesthús og heystæði -, en sund á milli“ (Örnefnaskrá Geldingaholts (RI), 5). Á túnakorti Guðmundar Sveinssonar frá 1917 eru tvær skemmur eða smiðjur norðan við bæinn.

Lýsing

Samkvæmt Sigurjóni Tobíassyni voru bæði smiðja og skemma áfastar við gamla bæinn að norðanverðu auk fjóss og hesthúss. Punktur fyrir smiðju og skemmu var tekinn við gróðurhús sem nú stendur norðan við bæinn.

Geldingaholt 3 1827-46 (2005: 146028 102-1)

Hlutverk: Híbyli

Tegund: Hús

Hættumat: Mikil hætta. Gamla torfbænum í Geldingaholti er ekki talin stafa hætta vegna framkvæmda en íbúðarhúsið er í jaðri gamla bæjarstæðisins og þarna geta leynst minjar í jörðu. Lögnin fer þó heim að húsinu á sama/svipuðum stað og eldri koparlögn auk þess sem mögulegar minjar hafa að líkindum þegar orðið fyrir raski vegna byggingu íbúðarhússins.

Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Bærinn í Geldingaholti er reistur norðarlega og vestan á holti einu, er liggur norðaustanvert við Vallhólminn.“ (Örnefnaskrá Geldingaholts (MJ), 2). Á túnakorti eftir Guðmund Sveinsson frá 1917 má sjá bæinn um það bil fyrir miðju túni.

Nánari lýsing

Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar segir: „Hluti af Gamla bænum stendur enþá [sic] (1999). Það sem stendur er baðstofa (sú vestari) og hlóðældhús. Bærinn náði lengra austur og bæjardyr og bustir snéru mót austri. En baðstofurnar tvær voru syðst og snéru norður – suður. Torfbær með þil að framan. Norðan við bæinn var smiðja (smiðjukofi) og þar norðan við, með sundi á milli, var fjós og fjóshlaða, - áður var þar hesthús og heystæði -, en sund á milli.“ (Örnefnaskrá Geldingaholts (Örnefnaskrá (RI), 5).

Lýsing

Norðan við gamla íbúðarhúsið á Geldingarholti, þar sem Hjördís Tobíasdóttir býr er gamli bærinn að hluta til enn uppistandandi.

Geldingaholt 3 1827-47 (2005: 146028 102-11)

Sérheiti: Borguleiði

Hlutverk: Leiði

Tegund: Hóll

Hættumat: *Engin hætta*

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Annað örnefni er kennt við Borgu og kallast Borguleiði (65°35'318/19°28'000). Það er austan undir hlaðvarpa gamla bæjarins sem er aflangur hryggur, um það bil 9 m langt og 3-5 m breitt eftir því hvernig mælt er. Þar á Vilborg kerling

að vera heygð. Borguleiði er talið álagablettur og ber að varast að grafa í það eða raska nokkuð en hins vegar má slá það sem annað tún“ (Byggðasaga Skagafjarðar II, 332). Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Túnið: Rétt fyrir framan hlaðvarpann í Holti er ávalur hryggur, nefndur Borga. Þar á Borga að vera grafin, en hún bjó einu sinni í Holti í fyrndinni.“ (ÖMJ, 1).

Lýsing

Um 40 m austan við bæinn og um 5 metra vestan girðingar er vel gróinn aflangur hóll eða upphækkun sem liggur norður/suður og hefur verið nefndur Borguleiði. Hóllinn er um 9x3 metrar að ummáli.

Geldingaholt 3 1827-48 (2005: 146028 102-15)

Hlutverk: Heimreið

Tegund: Heimild

Hættumat: *Engin hætta*

Staðhættir

Á túnakorti Guðmundar Sveinssonar frá 1917 liggur heimreiðin til vestsuðvesturs frá bænum.

Lýsing

Heimreiðin hefur verið á svipuðum stað og hún er nú og sér ekki til hennar.

Geldingaholt 3 1827-49 (2005: 146028 102-27)

Sérheiti: Prettur

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Vatnsból

Hættumat: *Engin hætta*

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Prettur. Uppi á holtinu rétt sunnan við heimreiðina er vatnsbrunnur og heitir Prettur. Fyrir kom að hann þvarr, einkum eftir að vatnsnotkun jókst með fjölgun kúnna. Varð þá að sækja vatn niður í Kvísl. Fyrir 1920 var Tobías Magnússon búinn að leggja vatnsleiðslu í brunninn“ (Byggðasaga Skagafjarðar II, 332). Í örnefnaskrá segir: „Fyrir ofan túnið í holtinu er brunnur, sem neyzluvatn er úr tekið. Hann er kallaður Prettur, en það nafn á hann nú ekki skilið“ (Örnefnaskrá Geldingaholts (MJ), 5). Og í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar segir: „Prettur er hlaðinn brunnur og talinn óskemmdur enþá [sic], þó hætt sé að nota hann. Hann þornaði stundum, einkum síðsumar þegar þurrkvar voru miklir og einnig seinni part vetrar. Þegar kúabú var stækkað í Holti var vatnið ekki nóg. Nú er vatnið tekið úr tveim uppsprettum uppi á Seyluás og fá Garðhús einni vatn úr þeirri veitu“ (Örnefnaskrá Geldingaholts (RI), 8).

Lýsing

Brunnurinn sem er hlaðinn stendur enn og er vatnslögnin tengd í gegnum hann samkvæmt heimildamanni.

Geldingaholt 3 1827-50 (2005: 146028 102-25)**Sérheiti:** Þórðarhús**Hlutverk:** Fjárhús**Tegund:** Heimild**Hættumat:** *Engin hætt***Staðhættir**

Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar segir: „Neðst á túninu, suðaustur undan bænum, eru fjárhús er heita Hlöðuhús. Þau eru enn í nokkurri notkun 1999. Nokkru sunnar eru hús er heita Tóftarhús. Suður undan bænum, austan við Kvíaból og Rógsgötu, voru Garðhús. Sunnan við þau sá fyrir gömlum matjurtagarði. Húsin og garðstæðið voru norðan við merkjagirðingu milli Geldingaholts og nýbýlisins Garðhúsa. Munu gömlu Garðhús hafa fengið nafn af garðinum, eða þá af miklum Túngarði, sem var umhverfis gamla túnið að sunnanverðu og vestanverðu norður að húsum þeim er seinna nefndust Þórðarhús“ og síðar segir: „Norður undan bragga, sem er drjúgan spöl suðvestan við Gamlabæ og vestan við húsið Geldingaholt III, rétt sunnan við heimveginn að húsi I. og III, voru fjárhús er Þórður átti, kölluð Þórðarhús. Þau voru rifin nýlega og eru horfin. Sunnan við húsin var rétt og þar sunnan við bragginn sem enn stendur“ (Örnefnaskrá Geldingaholts (RI), 6-7). Á túnakorti má sjá útihús suðvestur af gamla bænum og munu það vera Þórðarhús.

Lýsing

Þórðarhús voru norðan bragga þess sem stendur vestan íbúðarhúss Gunnlaugs Tobíassonar. Þau hafa nú verið rifin og sér þeirra ekki lengur stað.

Geldingaholt 3 1827-51 (2005: 146028 102-26)**Hlutverk:** Rétt**Tegund:** Heimild**Hættumat:** *Engin hætt***Staðhættir**

Suður undir Þórðarhúsum (sjá nr. 24) var rétt.

Lýsing

Suðurkantur hennar var hlaðinn úr torfi og grjóti en timbur að vestan og austan í minni heimildamanns. Sigurjón notaði rétta þessa sín fyrstu búskaparár en hún hefur verið rifin.

Geldingaholt 3 1827-52 (2005: 146028 102-31)**Sérheiti:** Lögrétta**Hlutverk:** Garður**Tegund:** Heimild**Hættumat:** *Engin hætt***Staðhættir**

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Gamla fjósið var austan við Lögréttu. Hún er nú horfin en yngra íbúðarhúsið í Geldingaholti stendur örlitlu norðar og austar en tóftirnar voru” (BS II, 332). Í örnefnaskrá segir: „Fyrir ofan Skjaldbreiðarnar sunnan bæjarhúsanna heitir Fjósvöllur,

sjálfsagt tiltölulega nýtt nafn. Þar eru tóftir, ferhyrnt svæði, og sér fyrir garði umhverfis, kallast Lögrétta“ (Örnefnaskrá Geldingaholts (MJ), 1)

Lýsing

Lögrétta stóð vestan við hús Gunnlaugs Tobíassonar og man hann eftir tóftum og garðlagi sem var sléttað út þegar húsið var byggt og sér þess nú hvergi merki. Garðurinn mun hafa náð til vesturs frá húsinu og suður fyrir það. Punktur var tekinn um 10 m frá suðvesturhorni íbúðarhúss.

Geldingaholt 3 1827-53 (2005: 146028 102-28)

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Hættumat: *Engin hætt*

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Skjaldbreiðar hét túnið í brekkuhallinu suður af bænum og náði suður að vallargarði.“ (Byggðasaga Skagafjarðar II, 332). Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Allur völlurinn út að þýfinu niður undan bænum, sá sem veit mót austri og nær suður að garðlagi, heitir Skjaldbreiðar.“ (Örnefnaskrá Geldingaholts (MJ), 1) og síðar segir: „Fyrir sunnan Fjósvöll og Skjaldbreiðar (sunnan garðlagsins) er túnauki, ræktaður kringum kvíar, er þar voru fyrr. Sér enn fyrir kvíatóftunum. Þessi túnauki heitir Kvíaból.“ (Örnefnaskrá Geldingaholts (MJ), 1). Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar segir: „Neðst á túninu, suðaustur undan bænum, eru fjárhús er heita Hlöðuhús. Þau eru enn í nokkurri notkun 1999. Nokkru sunnar eru hús er heita Tóftarhús. Suður undan bænum, austan við Kvíaból og Rógsgötu, voru Garðhús. Sunnan við þau sá fyrir gömlum matjurtagarði. Húsin og garðstæðið voru norðan við merkjagirðingu milli Geldingaholts og nýbýlisins Garðhúsa. Munu gömlu Garðhús hafa fengið nafn af garðinum, eða þá af miklum Túngarði, sem var umhverfis gamla túnið að sunnanverðu og vestanverðu norður að húsum þeim er seinna nefndust Þórðarhús. Hornslétta var sunnan við Túngarðinn. Hluti Túngarðsins að vestan sést enþá [sic] 1999. Nýbýlið hefur fengið nafn af gömlu Garðhúsum. Garðhúsin eru nú (1999) fallin, en leyfar þeirra sjást., suður undir girðingunni . [sic] Beint undan Garðhúsum var gömul fjárrétt, kringlótt. Syðst á túninu hesthús“ (Örnefnaskrá Geldingaholts (RI), 6).

Lýsing

Túngarðurinn er glöggur sunnan og vestan við hús Gunnlaugs Tobíassonar. Hann er um 50 m langur, um 2 m þar sem hann er breiðastur. Einnig sér móta fyrir garðlagi sunnan og vestan Garðhúsa og telur heimildamaður að þar gæti hugsanlega verið hluti túngarðsins.

Punktur á norðurenda túngarðs:

478427

565568

Punktur á suðurenda túngarðs:

478452

565537

Geldingaholt 3 1827-54 (2005: 146028 102-30)

Sérheiti: Fjósavöllur

Hlutverk: Fjós

Tegund: Heimild

Hættumat: *Mikil hætta*. Gamalt fjós var á þessum slóðum en nákvæm staðsetning er ekki þekkt. Þarna gætu því leynst minjar í jörðu. Eldri koparlögn liggur samkvæmt uppdrætti inn í húsið að vestan en lögnin frá Geldingaholti 1 nokkuð austar.

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Gamla fjósið var austan við Lögrétta. Hún er nú horfin en yngri íbúðarhúsið í Geldingaholti stendur örliðu norðar og austar en tóftirnar voru.“ (Byggðasaga Skagafjarðar II, 332). Í örnefnaskrá segir: „Fyrir ofan Skjaldbreiðarnar sunnan bæjarhúsanna heitir Fjósavöllur, sjálfsagt tiltölulega nýtt nafn. Þar eru tóftir, ferhyrnt svæði, og sér fyrir garði umhverfi, kallast Lögrétta“ (ÖMJ, 1). Á túnakorti Guðmundar Sveinssonar frá 1917 er útihús um 90 metra suður af bænum.

Lýsing

Lögrétta stóð vestan við hús Gunnlaugs Tóbiassonar og man hann eftir tóftum og garðlagi sem var sléttuð út þegar húsið var byggt og sér þess nú hvergi merki. Garðurinn mun hafa náð til vesturs frá húsinu og suður fyrir það. Punktur var tekinn um 10 m frá suðvesturhorni íbúðarhúss.

Geldingaholt 3 1827-55 (2005: 146028 102-32)

Hlutverk: Áburðarhús

Tegund: Heimild

Hættumat: *Engin hætta*

Staðhættir

Á túnakorti Guðmundar Sveinssonar frá 1917 er útihús um 90 metra suður af bænum og rétt norðan þess er áburðarhús.

Lýsing

Áburðarhúsið stóð austan við fjósið. Húsið var orðið lélegt rétt fyrir 1950 en var þá enn með þaki, hellulagt gólf var í því. Líklega hefur húsið verið rífið upp úr 1950 en þá voru tvær lautir austan þess sléttuðar og taldi heimildamaður líklegt að sléttuð hafi verið yfir húsin á sama tíma. Það stóð um 3-4 m austur af fjósveggnum og var þar op sem mykjunni var mokað í ofan í kjallara.

Geldingaholt 3 1827-56 (2005: 146028 102-21)

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Staðsetning: X: 478527 Y: 565518

Hættumat: *Hætta*. Líklegast eru minjarnar nokkuð austan við fyrirhugaða lagnaleið en þar sem nákvæm staðsetning er ekki þekkt eru þær skráðar í hættu.

Staðhættir

Á túnakorti Guðmundar Sveinssonar frá 1917 er útihús tæpa hundrað metra til suðurs frá bænum.

Lýsing

Um 40 m suðvestur af Garðhúsum (sjá nr. 17) er dæld í jörðina og smá gróðurskil sem bent gæti til að þar hafi staði einhverskonar mannvirki, hugsanlega það útihús sem sýnt er á túnakorti. Dældin er um 9x8 m að ummáli og við norðausturhorn hennar önnur minni dæld um 4x7 m að ummáli. Ekki man heimildamaður eftir húsi á þessum stað.

Torfgarður 1827-57 (2004: 146072-106 – 6)

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Hættumat: *Hætta*. Þarna geta leynst minjar í jörðu en fjárhús var á þessum slóðum. Nákvæm staðsetning þess er ekki þekkt.

Staðhættir

Samkvæmt túnakorti var fjárhús rétt við veginn utan túns í vestri.

Nánari lýsing

Engin merki sjást um þetta fjárhús en punktur var tekinn 70 metra vestur af gamla bænum og um 20 metra norðvestur af samkomuhúsi Stíganda.

Torfgarður 1827-58 (2004: 146072-106 – 5)

Hlutverk: Heimreið

Tegund: Heimild

Hættumat: *Engin hætt*a

Staðhættir

Samkvæmt túnakorti kom heimreiðin inn úr vestri.

Nánari lýsing

Núverandi heimreið liggur í austurátt frá þjóðvegi, sunnan lækjar, niður að samkomuhúsi og hesthúsi Stíganda. Gamla heimreiðin lá líklega á svipuðum stað. Punktur var tekinn á heimreið um 50 metra vestur af gamla bænum og um 20 metra norður af samkomuhúsi Stíganda.

Torfgarður 1827-59 (2004: 146072-106 – 4)

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Heimild

Hættumat: *Engin hætt*a

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Í Gilinu rann Torfgarðslækur en neysluvatn var sótt í djúpan brunn svo sem 20-30 metrum sunnan og ofan við bæinn.“ (Byggðasaga Skagafjarðar II, 303).

Nánari lýsing

Brunnur fannst ekki við leit en punktur var tekinn um 25 metrum suðvestur af gamla bænum. Um 30 metra norðaustur af hesthúsi Stíganda.

Stóra-Seyla 1827-60 (2004: 146071-104 – 7)

Sérheiti: Gíslahús

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Hættumat: *Engin hætta*

Staðhættir

Samkvæmt túnakorti var peningshús í vesturhluta túnsins nálægt túngarðinum. Gæti verið Gíslahús. Í örnefnaskrá stendur: „Gíslahús var ca. 10 norðan við þann stað sem íbúðarhúsið stendur nú á. Líklegt er að það hafi verið kennt við Gísla Benediktsson.” (Örnefnaskrá Stóru-Seylu, 5).

Nánari lýsing

Engin merki sjást um fjárhúsið en punktur var tekinn um 10 metra norðan af íbúðarhúsinu (SASS).

Stóra-Seyla 1827-61 (2004: 146071-104 – 16)

Sérheiti: Kerruvegur

Hlutverk: Heimreið

Tegund: Heimild

Hættumat: *Engin hætta*

Staðhættir

Samkvæmt túnakorti kom heimreiðin inn á túnin úr vestri og beygði svo í norður upp að bænum. Í örnefnaskrá stendur: „Gatan frá bænum lá í vinkil, fyrst suður frá bænum - suður á móts við íbúðarhúsið og síðan beint í vestur og að veginum á sama stað og heimvegurinn að íbúðarhúsinu er. Gatan, eða vegurinn frá Gamlabænum var það sem kallað var Kerruvegur.“ (Örnefnaskrá Stóru-Seylu, 6.)

Nánari lýsing

Ekkert sést til gömlu heimreiðarinnar nema að gróður er öðruvísi þar sem hún lá (SASS).

Stóra-Seyla 1827-62 (2004: 146071-104 – 8)

Sérheiti: Þilhús

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Hættumat: *Hætta*. Á þessum slóðum voru fjárhús og gætu minjar enn leynst í jörðu. Lögnin liggur að húsinu á svipuðum/sama stað og eldri koparlögn og minjarnar hafa að líkindum orðið fyrir raski vegna byggingar íbúðarhúss og/eða yngri viðbyggingar.

Staðhættir

Í örnefnaskrá stendur: „Þar sem íbúðarhúsið stendur núna (1999), eða aðeins austar var fjárhús er nefnt var Þilhús. Það mun hafa verið torfhús með þili að framan.“ (Örnefnaskrá Stóru-Seylu, 5).

Nánari lýsing

Ekkert sést til fjárhúss á þessum stað (SASS).

Stóra-Seyla 1827-63 (2004: 146071-104 – 9)

Sérheiti: Mýrarhús

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Hættumat: *Engin hætt*

Staðhættir

Samkvæmt túnakorti stóð peningshús utan við túngarðinn norðanmegin við veginn. Gæti verið Mýrarhús. Í örnefnaskrá stendur: „Fjárhús, sem stóðu rétt sunnan við lóð íbúðarhússins, hét Mýrarhús.“ (Örnefnaskrá Stóru-Seylu, 5).

Nánari lýsing

Fjárhúsið er horfið en punktur var tekinn efst við dæld sem liggur austur/vestur í túni um 70 metra sunnan íbúðarhússins (SASS).

Samantekt

Alls voru skráðar 64 minjar á fyrirhugaðri lagnaleið ljósleiðara um Langholt. Við samantekt á eldri skráningum var miðað við minjar innan við 50m frá miðlínu lagnar. Af 65 minjum eru 45 horfnar, 4 heillegar, 5 vel greinanlegar og 5 illgreinanlegar (skilgreining miðast við staðla Minjastofnunar Íslands).

Af 6 skráðum minjum eru 47 sem *ekki eru taldar í hættu*, 15 sem taldar í *hættu* og 3 sem taldar eru í *mikilli hættu* (sjá nánar í viðauka; töflur og kort). Lögnin heim að bæjum liggur yfirleitt á sama/svipuðum stað og eldri koparlögn en þar hafa minjar í lagnaleið mögulega þegar orðið fyrir raski vegna eldri framkvæmda. Fyrirhuguð lagnaleið liggur í gegnum eða í nálægð við þrjá bæjarhóla en samkvæmt uppdrætti frá Mílu (Framkvæmd: Ljósleiðaravæðing – Skagafjörður. Frá Varmahlíð að Glaumbæ ásamt Sæmundarhlíð. Verk nr. 1260374) þá liggur lögnin á sama/svipuðum stað og eldri koparlögn að húsunum. Í *Hátúni* liggur lagnaleiðin í gegnum bæjarhólinn að íbúðarhúsinu, í *Glaumbæ* liggur hún í suðurjaðri íbúðarhússins og á *Geldingaholti* einnig í jaðri bæjarhólsins. Sunnan Ketilhóla, vestanmegin á Langholtinu er stakur hóll og á honum var kuml sem grafið var 1954. Kumlið og stekkjartóft sem er norðan við hólinn eru ekki talin í hættu vegna framkvæmda en lagt er til þess að þess verði gætt að lögnin fari sunnan við hólinn ef fleiri kuml skyldu finnast á hólnum. En ekki er óalgengt að fleiri en eitt kuml finnist á sama stað.

Það ber að áréttu að komi minjar í ljós við framkvæmdir ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands.

Marbæli– kort 1

- *Minjar í hættu*. Gamall vegur (Marbæli 1827-2) liggur frá gamla bæjarstæðinu og endar við skurð nokkru vestar. Fyrirhuguð línulögn liggur yfir skurðinn þar sem að vegurinn endar og ætti hann ekki að verða fyrir raski vegna framkvæmda ef að línán verður lögð á þeim stað.
- Fyrirhuguð lögn liggur yfir tún til austurs að íbúðarhúsinu í Marbæli. Á þeirri leið eru engar þekktar minjar. Hesthús (1827-1) er horfið en var staðsett innan við 50m frá lagnaleið. Minjar þess geta leynst í jörðu en eru ekki taldar í hættu.
- Nýtt íbúðarhús er í landi Marbælis byggt 2014 (skv. Fasteignaskrár Þjóðskrár Íslands. Skoðuð þann 20.10.16). Húsið stendur ofan vegar, syðst í landi Marbælis. Fyrirhuguð lagnaleið liggur úr landi Jaðars að húsinu að sunnan. Engar þekktar minjar eru á þeirri leið.

Jaðar- kort 1 og 2

- Fyrirhuguð lagnaleið heim að Jaðri liggur á milli fjárhúsanna í Glaumbæ og gamla prestsbústaðarins og í austurátt yfir tún að norðvesturhorni íbúðarhússins. Þar eru engar þekktar minjar en þarna lá áður gamli messuvegurinn (1827-3) frá Jaðri að

Glaumbæ, nú horfinn. Minjar: 1827-5; 6; 7 og 8 eru innan við 50m frá lagnaleið en eru ekki taldar í hættu.

- Yngra íbúðarhús er í landi Jaðars ofan vegar, nefnt Ástún. Fyrirhuguð lagnaleið kemur að íbúðarhúsinu í Ástúni að austan og fer ekki yfir neinar þekktar minjar.

Mikligarður– kort 1 og 2

- Fyrirhuguð lagnaleið liggur meðfram heimreiðinni að norðan að norðausturhorni íbúðarhússins í Miklagarði. Engar þekktar minjar eru á þeirri leið. Gamli bærinn og fjósið voru í túninu tæplega 100m ASA af íbúðarhúsinu en fjárhúsin nær. Þau lenda utan við 50m frá fyrirhugaðri lagnaleið.

Hátún 1- kort 1 og 2

- Minjar í hættu. Fyrirhuguð lagnaleið liggur að norðausturhorni íbúðarhússins á Hátúni 1. Íbúðarhúsið er byggt að hluta á gamla bæjarstæðinu (1827-19) sem náði nokkuð lengra til norðurs og var fjós (1827-20) þar norðvestan við. Ljóst er að minjar geta verið í jörðu á bæjarstæðinu en lagnaleiðin liggur á sama/svipuðum stað og eldri koparlögn.
- Sunnan við íbúðarhúsið og sunnan bæjarlækjar var fjárhús (1827-21), nú horfið. Það lendir innan við 50m frá lagnaleið en er ekki í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Hátún 2- kort 1 og 2

- Fyrirhuguð lagnaleið liggur yfir lóðina hjá íbúðarhúsinu á Hátúni 2 og fer inn í húsið við norðvestur horn. Engar þekktar minjar eru á þessari leið.

Hátún lóð-nýbýli– kort 1 og 2

- Íbúðarhús byggt 2001 er tæplega 70m nv frá íbúðarhúsinu á Hátúni 2. Lagnaleiðin að því liggur meðfram heimreiðinni og inn í húsið við suðaustur horn. Engar þekktar minjar eru á þessari leið.

Glaumbær- kort 1 og 2

- *Minjar í hættu.* Fyrirhuguð lagnaleið kemur inn í gamla prestbústaðinn í Glaumbæ að norðan. Á svipuðum slóðum og eldri prestsbústaðurinn (byggður 1945 skv. Fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands www.skra.is, skoðaður þann 18.10.16) voru áður hrútakofi og nokkur smærri býli sem oft voru kennd við ábúendur; Bjarnabúð (síðar Finnsbúð), Nýibær/Gunnukofi og Róskukofi (18279; 10 og 11). Nákvæm staðsetning þessara húsa er ekki þekkt og því geta minjar verið í jörðu umhverfis og í nágrenni við gamla prestsbústaðinn. Lagnaleiðin liggur syðst á gamla bæjarhólnum og þar er vitað um minjar í jörðu (1827-13). En lögnin samkvæmt upplýsingum frá Skagafjarðaveitum (nákvæm lega liggur ekki fyrir þegar skýrsla er skrifuð) verður á svipuðum/sama stað og eldri koparlögn að Áshúsi. Við horn Áshússins var áður fjárhús (1827-18) og geta framkvæmdir raskað minjum í jörðu. Ekki er vitað hvar lögnin kemur að Gilsstofunni en þar í kring eru engar þekktar minjar.

- Minjar 1827-12; 14; 15 16; og 17 eru allar innan við 50m frá fyrirhugaðri lagnaleið en eru ekki taldar í hættu vegna framkvæmda.

Glaumbær 2- kort 1 og 2

- Fyrirhuguð lagnaleið að íbúðarhúsinu í Glaumbæ 2 liggur meðfram heimreiðinni að sunnan og að íbúðarhúsinu að norðan. Engar þekktar minjar eru á þessari leið.

Halldórsstaðir- kort 3

- *Minjar í hættu.* Á milli Ytra-Skörðugils og Halldórsstaða er Stekkjarholt (450 m ssv frá íbúðarhúsinu á Halldórsstöðum) og á því austanverðu stekkjartóft (1827-26). Fyrirhuguð lagnaleið liggur austan í Stekkjarholtinu innan við 10m frá stekkjartóftinni.
- Heim að íbúðarhúsinu á Halldórsstöðum liggur fyrirhuguð lagnaleið sunnan við heimreiðina og inn í húsið að vestan. Engar þekktar minjar eru á þeirri leið.
- Fernar minjar 1827-22; 23; 24 og 25 eru skráðar innan við 50m frá fyrirhugaðri lagnaleið en þær eru allar horfnar. Mögulegar minjar þeirra í jörðu eru ekki taldar í hættu vegna framkvæmda.

Ytra-Skörðugil kort- kort 4

- Fyrirhuguð lagnaleið að íbúðarhúsinu á Ytra-Skörðugili 1 liggur sunnan við heimreiðina og á þeirri leið eru ekki þekktar minjar. Lögnin fer svo inn í húsið að vestanverðu. Nokkrar minjar, 1827-29; 30; 31; 64, lenda innan við 50m frá fyrirhugaðri lagnaleið en eru ekki taldar í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Ytra-Skörðugil II-kort 4

- *Minjar í hættu.* Ekki eru þekktar minjar á bæjarstæði Ytra-Skörðugils II en á milli Ytra-Skörðugils II og III, um 230m SSA af íbúðarhúsinu á Ytra-Skörðugili II var útihús 187-27 sem búið er að rífa. Nákvæm staðsetning hússins er ekki þekkt en punktur sem var tekinn 2004 eftir ábendingu heimildamanns lendir um 15m vestur af fyrirhugaðri línulögn. Þarna er því mögulegt að línán far í gegnum minjar.
- Fyrirhuguð lagnaleið liggur sunnan við Ytra-Skörðugil III til vesturs yfir Langholtíð og yfir í Sæmundarhlíð. Engar þekktar minjar eru á leiðinni fyrr en komið er vestur undir Sæmundará en þar liggur lagnaleiðin yfir suðurenda staks hól sem er sunnan Ketilhóla, á honum norðanverðum fannst kuml árið 1954 (1827-32) og norðan hólins er einnig stekkjartóft (1827-33). Kumlið var grafið 1956 og samanstóð af gróf manns og hests. Ekki er óvanalegt að fleiri en eitt kuml finnist á sama stað (kumlateigur) og því er lagt til að farið verði með lögnina alveg sunnan við hólinn.

Ytra-Skörðugil III- kort 4

- Engar þekktar minjar eru á fyrirhugaðri lagnaleið að íbúðarhúsinu á Ytra-Skörðugili III.

Ytra-Skörðugil II- Elivogar- kort 5

- Fyrirhuguð lagnaleið liggur norðan með skurði vestur yfir Langholtið frá Þjóðvegi og yfir tún í landi Dælis í Sæmundarhlíð. Engar þekktar minjar eru á þeirri leið fyrr en komið er niður undir Sæmundará en þar er stekkjartóft 1827-33 og sunnan hennar var grafið kuml árið 1954. Lagt er til að farið verði með lögnina suður fyrir hólinn sem kumlið var á til að koma í veg fyrir rask ef fleiri kuml skyldu vera á svæðinu.

Syðra-Skörðugil- kort 4

- Fern íbúðarhús eru á Syðra-Skörðugili, eitt þeirra er vestan Þjóðvegar og liggur fyrirhuguð lagnaleið frá veginum til vesturs að íbúðarhúsinu. Engar þekktar minjar eru á þeirri leið.
- Norðan við íbúðarhúsið sem er vestan Þjóðvegar eru hesthús og liggur fyrirhuguð lagnaleið einnig að því. Á milli fyrirnefndra húsa liggur leiðin vestan við Þjóðveginn og síðan til suðvesturs að norðurhlið hesthúsanna. Engar þekktar minjar eru á þeirri leið.
- Að mið húsinu austan vegar liggur lögnin meðfram heimreiðinni og að íbúðarhúsinu á norðurhlið. Á því svæði eru engar þekktar minjar. En gamla bæjarstæðið var þar nokkuð austar og lendir utan við 50m frá lagnaleið.
- *Minjar í hættu.* Austan Þjóðvegar eru þrenn íbúðarhús. Að tveimur nyrðri húsunum liggur fyrirhuguð lagnaleið meðfram heimreiðinni og inn í nyrsta húsið við suðvesturhorn þess. Þar sem nyrsta íbúðarhúsið stendur voru áður útihús 1827-34 og eftir 1930 var lítill kofi sem búið var í. Þar gætu verið minjar í jörðu en fyrirhuguð lagnaleið liggur á sama/svipuðum stað og eldri lögn. Auk þess gætu minjarnar hafa orðið fyrir raski vegna byggingar íbúðarhússins. Syðsta húsið var byggt 2003 og stendur í syðsta hluta gamla hússins. Fyrirhuguð lagnaleið að því kemur frá Þjóðveginum til austurs, norðan við heimreiðina og að norðurhlið hússins á sama/svipuðum stað og eldri koparlögn. Lögnin fer þar yfir hluta af gamla Sýsluveginum (1827-35) en hann hefur þegar orði fyrir raski á þessum stað vegna fyrri framkvæmda. Fjárhús (1827-36) stóðu þar sem heimreiðin að íbúðarhúsinu er núna. Lögnin fer rúmlega 10 metrum norðar og þar gætu leynst minjar í jörðu en þær eru að líkindum raskaðar vegna eldri framkvæmda. Við framkvæmdir 2005 komu minjar (1827-65) í ljós vestan við íbúðarhúsið. Umfang þeirra er ekki þekkt en ólíklegt að þær nái að fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og minjarnar því ekki taldar í hættu.
- Minjar 1827-37; 38; 39; 40 og 65 eru ekki taldar í hættu vegna framkvæmda.

Holtskot- kort 6

- Samkvæmt fyrirhugaðri lagnaleið mun ljósleiðarinn verða lagður meðfram heimreiðinni að Holtskoti að vestan en síðan beygir hann til austurs yfir tún að norðvesturhorni íbúðarhússins. Engar þekktar minjar eru á þessari leið. Tvennar minjar 1827-42 og 43 eru skráðar innan við 50m frá lagnaleið en báðar eru þær horfnar og ekki taldar í hættu vegna framkvæmda.

Geldingaholt- kort 6

- *Minjar í hættu.* Íbúðarhúsið í Geldingaholti 1 liggur sunnan við gamla bæinn í suður jaðri gamla bæjarhólsins (1827-46). Þar geta því minjar leynst í jörðu. Lögnin liggur að húsinu á sama/svipuðum stað og gamla koparlögnin. Fyrirhuguð lagnaleið heim að Geldingaholtsbæjunum og Holtskoti liggur meðfram veginum að bæjunum að norðan. Norðan við sveigju á veginum er austurendi gamla vegarins, Flóabrúar 1827-41 sem var handgerður, þar liggur lagnaleiðin yfir vegslóða sem liggur niður á túnin og er að líkindum bláaendi gamla vegarins. Fyrirhuguð lagnaleið liggur austan við íbúðarhúsið á Geldingaholti 3 en þar var fjós (1827-54) en nákvæm staðsetning þess ekki þekkt. Þarna gætu leynst minjar í jörðu. Sunnar í túninu var fjárhús 1827-56 en það var líklega heldur austar en lagnaleiðin. Nákvæm staðsetning er þó ekki þekkt og gætu minjar leynst í jörðu á þessu svæði.

Geldingaholt 1- kort 6

- Fjallað var um gamla bæinn við íbúðarhúsið í Geldingaholti að ofan. Minjar 1827-44; 47 og 48 lenda innan við 50m frá lagnaleið en eru ekki taldar í hættu vegna framkvæmda.

Geldingaholt 2- kort 6

- Fyrirhuguð lagnaleið liggur til suðausturs frá veginum (gatnamótum að Holtskoti, Geldingaholti ofl.) að norðurhorni íbúðarhússins á Geldingaholti II og fer ekki yfir þekktar minjar.

Geldingaholt 3- kort 6

- Á Geldingaholti 3 liggur fyrirhuguð lagnaleið sunnan vegar og síðan til suðausturs yfir heimreiðina og að bílskúrnum sem er norðvestan við íbúðarhúsið. Hún heldur áfram austan við húsið og var fjallað um minjar á þeirri leið hér að framan. Minjar 1827-49; 50; 51; 52 og 53 lenda innan við 50m frá lagnaleið en eru ekki taldar í hættu vegna framkvæmda.

Torfgarður- kort 7

- *Minjar í hættu.* Fyrirhuguð lagnaleið að samkomuhúsinu í Torfgarði liggur sunnan við heimreiðina og á þeirri leið sjást engar minjar á yfirborði. Á túnakorti frá 1917 má sjá útihús (1827-57) vestan túns. Nákvæm staðsetning er ekki þekkt en húsin hafa að líkindum verið við lækjarkakkann að norðan eða sunnan. Hafi þau verið sunnan lækjar hefur núverandi heimreið að líkindum verið lögð yfir þau. Fyrirhuguð lagnaleið gæti farið í gegnum minjar í jörðu.
- Minjar 1827-58 og 59 eru innan við 50m frá lagnaleið en eru ekki taldar í hættu vegna framkvæmda.

Stóra-Seyla- kort 7

- Fyrirhuguð lagnaleið að íbúðarhúsinu á Stóru-Seylu liggur meðfram heimreiðinni að sunnan. Engar þekktar minjar eru á þeirri leið. Fjárhús 1827-62 var á svipuðum

slóðum og íbúðarhúsið er í dag og þar gætu leynst minjar í jörðu. Þær hafa þó að líkindum þegar raskast við byggingu íbúðarhúss, byggingu yngri viðbyggingar auk þess sem að eldri koparlögn liggur að húsinu á sama/svipuðum stað og fyrirhuguð lögn.

Brautarholt, Melkot og nýlegt íbúðarhús í landi Brautarholts- kort 7

- Fyrirhuguð lagnaleið að íbúðarhúsinu í Brautarholti liggur meðfram heimreiðinni að sunnan. Hún fer ekki í gegnum þekktar minjar og gamla bæjarstæðið er um 200m norðar.
- Tvö nýrri íbúðarhús eru í landi Brautarholts, ofan vegar, Melkot og annað ónefnt (Brautarholt lóð). Fyrirhuguð lagnaleið að þeim húsum kemur frá vegi til vesturs að Melkoti og að húsinu á norðurhlið. Á hinu íbúðarhúsinu kemur lögnin úr norðri að norðvesturhorni hússins. Á þessari leið eru engar þekktar minjar.

Heimildaskrá

Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga (2004). *Fornleifaskráning vegna aðalskipulags á Langholti, Skagafirði*. Byggðasafn Skagfirðinga 2004/38.

Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga. *Fornleifaskráning á Langholti og Geldingaholti 2005*. Byggðasafn Skagfirðinga 2005/51.

Hjalti Pálsson (2001). *Byggðasaga Skagafjarðar II. Bindi*. Akureyri.

Katrín Gunnarsdóttir og Sigríður Sigurðardóttir (2003). Syðra-Skörðugil. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags tveggja byggingareita. Drög að aðalskipulagsskráningu. Byggðasafn Skagfirðinga 2003/15.

Kristján Eldjárn. Þrjú kuml Norðanlands. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1957-1958*.

Kristmundur Bjarnason (1987). *Sýslunefndarsaga Skagfirðinga*. Fyrri hluti, Akureyri.

Rita Sheperd, John M Steinberg, Emily L. Button, Guðný Zoëga og Kathryn A. Catlin (2009). Report of the Skagafjörður Archaeological Settlement Survey 2009. Coring and Test Pit at Glaumbær. Má finna á heimasíðu Fiske Center undir slóðinni: http://www.fiskecenter.umb.edu/Pdfs/Iceland_PDFs/2009/Glaumbaer_2009.pdf. Skoðuð þann 02.07.

Sigríður Sigurðardóttir (2003). *Glaumbær. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags fyrir umhverfi prestsbústaðar, kirkju og safns og aðalskipulagsskyldar minjar utan þess svæðis, í Glaumbæ I og II*. Byggðasafn Skagfirðinga 2003/11.

Sigríður Sigurðardóttir (2003). *Hátún og Mikligarður. Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag*. Byggðasafn Skagfirðinga 2003/14.

Sigríður Sigurðardóttir (2011). *Glaumbær. Kirkja og staður*. 2. útgáfa. Smárit Byggðasafns Skagfirðinga VIII: Akureyri.

Sigríður Sigurðardóttir (2011). *Sögur úr Glaumbæ*. Smárit Byggðasafns Skagfirðinga XIII: Akureyri.

Skagafjörður Archaeological Settlement Survey. Surface Survey, 2002. Útgefið: Daniels, Robert D. 2003.

Örnefnaskrár

Örnefnaskrá Geldingaholts (1999). Rósmundur Ingvarsson skráði.

Örnefnaskrá Geldingaholts. Margeir Jónsson skráði eftir handriti Brynleifs Tobíassonar.

Örnefnaskrá Halldórsstaða, Kristján Eiríksson skráði (Heimildamaður Halldór Gíslason). Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnaskrá Jaðars. Rósmundur Ingvarsson (1999).

Örnefnaskrá Marbælis. Rósmundur Ingvarsson (1998).
Örnefnaskrá Stóru-Seylu (1999). Rósmundur Ingvarsson skráði.

Túnakort

Guðmundur Sveinsson (1917). Þjóðskjalasafn Íslands: Reykjavík.

- Geldingaholt
- Glaumbær
- Halldórsstaðir
- Hátún
- Holtskot
- Jaðar
- Stóra-Seyla
- Syðra-Skörðugil
- Torfgarður
- Ytra-Skörðugil

Óútgefnar heimildir

Uppdráttur af fyrirhugaðri lagnaleið frá Varmahlíð að Glaumbæ ásamt Sæmundarhlið. Míla, 2016 v.nr. 1263074. Ljósavæðing_Varmahlíð-Marbæli print (2).

Deiliskipulag fyrir Syðra-Skörðugil, land nr. 188285 og 195222. Sveitarfélagið Skagafjörður. Óútgefin greinargerð og uppdráttur af deiliskipulagssvæði: fengin hjá höfundi.

Heimildamenn

Ragnheiður Guðmundsdóttir, Marbæli.

Páll Jónsson, Jaðri.

Erla Valgarðsdóttir, Jaðri.

Sigurjón Tobíasson, Geldingaholti.

Gunnlaugur Tobíasson, Geldingaholti.

Elín Sæmundardóttir, Ytra-Skörðugili

Einar Einarsson, Skörðugili.

Sólborg Una Pálsdóttir, Skörðugili.

Ásdís Sigurjónsdóttir, Skörðugili.

Fylgiskjöl

Hnitatafla lagning ljósleiðara á Langholti 2016


Minj_id	Eldra númer	Jörð	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Ástand	Hættumat	Austun	Norðun	Hættuorsök	Fjarlægð frá miðlinu (m)
1827-1	146058 115-15	Marbæli		hesthús	heimild	>1800	sést ekki	engin hætta	476664	568957		45
1827-2	146058 115-3	Marbæli		leið	slóði	>1900	vel greinanleg	hætta	476607	568762	framkvæmda	0
1827-3	146049-114-22-12	Jaðar		leið	heimild	>1800	sést ekki	engin hætta	476726	568445		0
1827-4	146049-114-22-1	Jaðar	Jaðar	híbyli	heimild	>1000	sést ekki	engin hætta	476817	568460		30
1827-5	146049-114-22-2	Jaðar		útiús	heimild	>1800	sést ekki	engin hætta	476819	568462		32
1827-6	146049-114-22-3	Jaðar		heimreið	heimild	>1000	sést ekki	engin hætta	476816	568489		41
1827-7	146049-114-22-4	Jaðar		brunnur	heimild	>1800	sést ekki	engin hætta	476834	568471		48
1827-8	146049-114-22-7	Jaðar		hesthús	heimild	>1800	sést ekki	engin hætta	476783	568499		39
1827-9	14651-13	Glaumbær 1	Gunnukofi/- Rósukofi	híbyli	heimild	1800-1950	sést ekki	hætta	476655	568409	framkvæmda	0
1827-10	14652-14	Glaumbær 1	Bjarnabúð/- Finnsbúð	híbyli	heimild	1850-1900	sést ekki	hætta	476650	568414	framkvæmda	0
1827-11	14650-15	Glaumbær 1	Nýibær/ Gunnukofi	híbyli	heimild	í ábúð 1898- 1904	sést ekki	hætta	476653	568410	framkvæmda	0
1827-12	14654-17	Glaumbær 1		heimreið	heimild	>1000	sést ekki	engin hætta	476727	568291		0
1827-13	14638-1	Glaumbær 1	Glaumbær	bæjarhóll	hóll	>1000	vel greinanleg	hætta	476757	568213		0
1827-14	14639-2	Glaumbær 1	Glaumbær	híbyli	torfbær	>1000	heilleg	engin hætta	476742	568216		10
1827-15	14640-3	Glaumbær 1		kirkja	heimild	1870-1923	sést ekki	engin hætta	476757	568223		40
1827-16	14642-5	Glaumbær 1		öskuhaugur	hóll	>1000	heilleg	engin hætta	476716	568199		10
1827-17	14643-6	Glaumbær 1		stagsteinn	steinn	1870-1923	heilleg	engin hætta	476762	568219		37
1827-18	14644-7	Glaumbær 1		hesthús, fjós	heimild	1000-1950	sést ekki	engin hætta	476779	568149		8
1827-19	146039 112-1	Hátún 1		bæjarstæði	heimild	>1734	sést ekki	mikil hætta	476598	568098	framkvæmda	0
1827-20	146039 112-2	Hátún 1		fjós	heimild	>1734	sést ekki	hætta	476592	568109		12
1827-21	146039 112-3	Hátún 1	Lambahús	fjárhús	heimild	>1800	sést ekki	engin hætta	476598	568064		0
1827-22	146037-109-22-8	Halldórsstaðir	Efstuhús	hesthús, rétt	heimild	>1800	sést ekki	engin hætta	476765	567306		29
1827-23	146037-109-22-22	Halldórsstaðir	Miðhús	hesthús	heimild	>1800	sést ekki	engin hætta	476858	567331		48
1827-24	146037-109-22-6	Halldórsstaðir		reikhús, skemma,	heimild	>1800	sést ekki	engin hætta	476910	567307		32
1827-25	146037-109-22-15	Halldórsstaðir	Skessuhóll	kvíar, leikvöllur	heimild	>1800	sést ekki	engin hætta	476902	567252		0
1827-26	146037-109-22-16	Halldórsstaðir	Stekkjarholt	stekkur	tóft	>1600	sést ekki	hætta	476755	566860	framkvæmda	8
1827-27	146045 108-14	Ytra-Skörðugil 2		útiús	heimild	>1800	sést ekki	hætta	476768	565950	framkvæmda	10
1827-28	146045 108-10	Ytra-Skörðugil		útiús	tóft	>1800	greinanleg	engin hætta	476913	565946		40


Hnitatafla lagning ljósleiðara á Langholti 2016


Minj_id	Eldra númer	Jörð	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Ástand	Hættumat	Austun	Norðun	Hættuorsök	Fjarlægð frá miðlinu (m)
1827-29	146045 108-5	Ytra-Skörðugil		brunnur	heimild	>1000	sést ekki	engin hætta	476945	565938		42
1827-30	146045 108-12	Ytra-Skörðugil		brunnur	heimild	>1000	sést ekki	engin hætta	476965	565911		46
1827-31	146045 108-1	Ytra-Skörðugil	Ytra-Skörðugil	híbyli	hleðsla	>1000	illgreinanleg	engin hætta	476936	565922		24
1827-32	14624 82-30	Ytra-Skörðugil 2		kuml	heimild	>800	sést ekki	engin hætta	474625	565508		26
1827-33	14624 82-29	Ytra-Skörðugil 2		stekkur	tóft	>1600	vel greinanleg	engin hætta	474627	565525		43
1827-34	146065 107-10	Syðra-Skörðugil	Hjörtshóll	útihús	heimild	>1800	sést ekki	hætta	476955	565666	framkvæmda	0
1827-35	146065 107-6	Syðra-Skörðugil	Sýsluvegur	leið	gata	>1886	illgreinanleg	hætta	476939	565479		0
1827-36	146065 107-5	Syðra-Skörðugil		fjárhús	hleðsla	>1800	greinanleg	hætta	476974	565464	framkvæmda	0
1827-37	146065 107-7	Syðra-Skörðugil	Slóð	heimreið	heimild	>1000	sést ekki	engin hætta	477019	565513		0
1827-38	146065 107-3	Syðra-Skörðugil		fjárhús	tóft	>1800	greinanleg	engin hætta	477006	565485		0
1827-39	146065 107-4	Syðra-Skörðugil		fjárhús	dæld	>1800	illgreinanleg	engin hætta	477044	565496		0
1827-40	146065 107-13	Syðra-Skörðugil		túngarður?	hryggur	>1886	greinanleg	engin hætta	476913	565506		44
1827-41	146028 102-36	Geldingaholt 3	Flóabrá	vegur	gata	>1800	greinanleg	hætta	477967	565393	framkvæmda	0
1827-42	146041 103-5	Holtskot		heimreið	heimild	>1000	sést ekki	engin hætta	478245	565978		40
1827-43	146041 103-7	Holtskot		matjurtagarður	heimild	>1800	sést ekki	engin hætta	478240	566001		0
1827-44	146028 102-4	Geldingaholt 3		öskuhaugur	þúst	>900	illgreinanleg	engin hætta	478418	565711		39
1827-45	146028 102-6	Geldingaholt 3		smiðja	heimild	>900	sést ekki	engin hætta	478433	565705		27
1827-46	146028 102-1	Geldingaholt 3		híbyli	hús	>1800	heilleg	mikil hætta	478442	565690		0
1827-47	146028 102-11	Geldingaholt 3	Borguleiði	leiði, álagablettur	hryggur	>900	vel greinanleg	engin hætta	478473	565698		36
1827-48	146028 102-5	Geldingaholt 3		heimreið	heimild	>1000	sést ekki	engin hætta	478455	565663		0
1827-49	146028 102-27	Geldingaholt 3	Prettur	brunnur	fjárhús	>1800	sést ekki	engin hætta	478369	565596		15
1827-50	146028 102-25	Geldingaholt 3	Þórðarhús	fjárhús	heimild	>1800	sést ekki	engin hætta	478402	565605		20
1827-51	146028 102-26	Geldingaholt 3		rétt	heimild	>1800	sést ekki	engin hætta	478405	565589		36
1827-52	146028 102-31	Geldingaholt 3	Lögrétta	garður	heimild	>1000	sést ekki	engin hætta	478439	565591		27
1827-53	146028 102-28	Geldingaholt 3		túngarður	garðlag	>1800	vel greinanleg	engin hætta	478442	565554		31
1827-54	146028 102-30	Geldingaholt 3		Fjós	heimild	>1800	sést ekki	mikil hætta	478464	565616		0
1827-55	146028 102-32	Geldingaholt 3		áburðarhús	heimild	>1800	sést ekki	engin hætta	478467	565630		21
1827-56	146028 102-21	Geldingaholt 3		útihús	dæld	>1800	illgreinanleg	hætta	478527	565518	framkvæmda	28
1827-57	146072 106-6	Torfgarður		útihús	heimild	>1800	sést ekki	hætta	477496	564432	framkvæmda	10
1827-58	146072 106-5	Torfgarður		heimreið	heimild	>1000	sést ekki	engin hætta	477513	564441		15
1827-59	146072 106-4	Torfgarður		brunnur	heimild	>1000	sést ekki	engin hætta	477564	564440		40

Hnitatafla lagning ljósleiðara á Langholti 2016

Minj_id	Eldra númer	Jörð	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Ástand	Hættumat	Austun	Norðun	Hættuorsök	Fjarlægð frá miðlínu (m)
1827-60	146071 104-7	Stóra-Seyla	Gíslahús	fjárhús	heimild	>1800	sést ekki	engin hætta	477660	563919		50
1827-61	146071 104-16	Stóra-Seyla		heimreið	heimild	>1000	sést ekki	engin hætta	477664	563898		29
1827-62	146071 104-8	Stóra-Seyla	Þilhús	fjárhús	heimild	>1800	sést ekki	hætta	477654	563878	framkvæmda	9
1827-63	146071 104-9	Stóra-Seyla	Mýrarhús	fjárhús	heimild	>1800	sést ekki	engin hætta	477675	563828		43
1827-64	146045 108-13	Ytra-Skörðugil		heimreið	heimild	>1000	sést ekki	engin hætta	476917	565923		0
1827-65		Syðra-Skörðugil		óþekkt	mannvist	>900	sést ekki	engin hætta	477011	565459		26







N



1827-22 1827-23 1827-24
Halldórsstaðir
1827-25


1827-26

3. Halldórsstaðir

- Engin hættu
- Hættu
- Mikil hættu
- Fyrirhuguð lagnaleið
- 10m
- 50m
- Bæjarhólar
- Landamerki Nytjaland



0 100 200 300 m



N

Ytra-Skörðugil 2

Ytra-Skörðugil 3

Ytra-Skörðugil

Syðra-Skörðugil

Syðra-Skörðugil

Syðra-Skörðugil

Syðra-Skörðugil-land


4. Ytra- og Syðra-Skörðugil

- Engin hættu
- Hættu
- Mikil hættu
- Minjar
- ▭ Bæjarhólar
- ▭ Landamerki Nytjaland
- Fyrirhuguð lagnaleið

10m
50m



0 100 200 300 m



6. Geldingaholt-Holtskot

- Engin hætta
- Hætta
- Mikil hætta
- Minjar
- Fyrirhuguð lagnaleið
- 10m
- 50m
- Bæjarhólar
- Landamerki Nytjaland



0 100 200 300 400 500 m

Holtskot
1827-43
1827-42

Geldingaholt 1

1827-44 1827-45
1827-46 1827-47
1827-48
Geldingaholt 3
1827-50 1827-55
1827-49 1827-54
1827-51 1827-52
1827-53 1827-56

Geldingaholt 2

1827-41

Garðhús

Garðhús land
(Háholt)

